


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Sjúkdómafræði 203 -SJÚ 203	
	Námsáætlun fjarnám 2016	

Kennari	Inga Björg Ólafsdóttir	Sk.st.	IBÓ
----------------	------------------------	---------------	-----

Meginmarkmið:

Að nemendur öðlist þekkingu á algengum líkamlegum sjúkdómum, geðrænum röskunum og áhrifum þeirra.

Áfangalýsing


Í áfanganum er fjallað um líkamlegt og sálrænt sjúkdómsástand. Farið er í sjúkdóma í innkirtlakerfi, hjarta-og æðakerfi, öndunarferum, meltingarferum, þvag- og æxlunarkerfi. Algengum geðsjúkdómum og geðröskunum er gerð skil. Fjallað er um samspil líkamlegrar og andlegrar líðanar. Leitast er við að skýra einkenni sjúkdóma út frá lífeðlisfræðilegum breytingum sem verða við röskun á líkamsstarfsemi. Latnesk sjúkdómaheiti eru útskýrð með tilvísun í líffæra-og lífeðlisfræði. Meingerð, einkenni, orsakir og meðferðarmöguleikar hinna ýmsu sjúkdóma skoðaðir. Fjallað er um afeiðingar sjúkdóma á virkni einstaklingsins og félagslega stöðu. Rætt er um tengsl lífshátta og þróun sjúkdóma.

Kennsubók : Bogi B. Ingimarsson. 1995. Sjúkdómar í mönnum, Reykjavík, Iðnú. Kafli 8-13 að báðum köflum meðtöldum.

Stuðningsefni : Salómon o. fl. 1995. Líffæra-og lífeðlisfræði. Regína Stefnisdóttir (þýð.)

Jafnframt er nemendum bent á veraldarvefinn, t.d. Doktor.is og fleiri góðar síður á veraldarvefnum, sem tengjast efni áfangans. Einnig greinar í blöðum og tímaritum

Kennslufyrirkomulag : Fjarkennsla um tölvur. Námsefninu verður skipt niður í 11 verkefni, sem send verða í tölvupósti einu sinni í viku á fimmtudagskvöldum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Sjúkdómafræði 203 -SJÚ 203	Námsáætlun fjarnám 2016

Námsmat:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar		Vægi
Lokapróf	Lokapróf í desember		80%
Verkefni	Vikuleg verkefni á moodle. Ef verkefni berst innan hálf mánaðar frá því að það er sent þá er einkunnin reiknuð að fullu. Ef verkefni berast seinna en það fer kennari yfir þau og gefur einkunn fyrir en hún reiknast sem núll í lokaeinkunn nema að nemendur hafi samið um annað t.d. vegna veikinda. Nemendur eru samt hvattir til að skila öllum verkefnum þótt það sé alltof seint því að alltaf er hugsanlegt að læra á því að gera þau og fá athugasemdir við þau.		20%
	Samtals:		100%
Annað: En til þess að annareinkunn gildi þarf nemandi að skila 40% af prófinu réttu.			

Yfirferð, birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar :

- 1.-2. vika.** Innkirtlasjúkdómar, 8. kafli í kennslubók ásamt verkefnum og ítarefni.
- 3.-5. vika.** Hjarta-og æðasjúkdómar, blóðsjúkd. 9. kafli í kennslubók ásamt verkefnum og ítarefni.
- 6-7. vika.** Öndunarfærasjúkd., 10. kafli í kennslubók ásamt verkefnum og ítarefni.
- 8. vika.** Meltingarfærasjúkd. 11. kafli í kennslubók ásamt verkefnum og ítarefni.
- 9. vika.** Sjúkdómar í þvagfærum. 12. kafli í kennslubók ásamt verkefnum og ítarefni.
- 10. vika.** Sjúkdómar í æxlunarfærum. 13. kafli í kennslubók ásamt verkefnum og ítarefni.
- 11-12. vika.** Verkefni um geðsjúkdóma. Efni á vefnum.

Inga Björg Ólafsdóttir

Netfang: inga@vma.is

Dagsetning:

Inga B. Ólafsd.
Undirritun kennara

María A. Fr.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils